

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Grindavíkurhöfn er sett skv. heimild í 17. grein hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. 1.

Gjaldskráin er við það miðuð að Grindavíkurhöfn geti haft nægar tekjur til þess að standa undir rekstri hafnar sbr. 5. tölulið 3. gr. hafnalaga.

Um gjaldtöku tengdri stærð skipa.

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða hafnagjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

4. gr.

Lestagjöld:

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, kr. 11,76 á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

Undanþegin greiðslu lestargjalds eru herskip varðskip og skip sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi að þau fái ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 6,09 á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið við bryggju. Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 82,80 á mælieiningu fyrir báta 21-50 BT, þó aldrei lægra en kr. 9083 á mánuði.

Bátar minni en 20 BT greiði þó aldrei lægra en kr. 5646 á mánuði, og lágmark kr 282,55 daggjald í 20 daga.

Gjald fyrir einkalegu við flotbryggju er kr 11290 á mánuði.

Vörugjöld.

5. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

6. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru láttnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem láttnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

7. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálfvörugjald.

Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunarhöfn.

8. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

9. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té afrit af farmskrá.

Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

10. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 261,30 pr. tonn:

Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.

2. fl.: Gjald kr. 502,70 pr. tonn:

Lýsi og fiskimjöl.

3. fl.: Gjald kr. 543,30 pr. tonn:

Pungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda, pökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.

4.fl.: Gjald kr. 1452,70 Aðrar vörur en tilgreindar eru í 1-3 fl

5. fl.: Gjald 1,6%.

Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.

Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis.

Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.

Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu.

Við sölu afla til skyldra aðila samkv 3. mgr. 9.greinar laga nr 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna skal að lágmarki miðað við skiptaverð Verðlagsstofu skiptaverðs.

Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess.

Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Farþegagjald.

11. gr.

Farþegagjald skal tekið við komu og brottför farþega um Grindavíkurhöfn.

Farþegagjald fyrir hvern fullorðin með farþegabátum kr. 45,00

Farþegagjald fyrir hvert barn með farþegabátum kr. 23,00

Farþegabátar skulu skila skýrslu um fjölda farþega einu sinni í mánuði.

Lóðagjöld og lóðarleiga.

12. gr.

Almenn regla:

Lóðagjöld eru kr. 1.200 á m² (miðað við byggingarvísitölu 300,8 í júlí 2004) og taka breytingum miðað við byggingarvísitölu á hverjum tíma.

Lóðarleiga skal vera 2% af lóðarmati hverrar lóðar.

Frávik frá reglu þessari byggist á sérstöku samkomulagi við stærstu lóðarhafa.

Móttaka skipa.

13. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a) Fyrir leiðsögu til hafnarinnar skal greiða kr. 3150 fyrir hvert skip, auk 5,21 kr fyrir hvert brúttótonn. Fyrir leiðsögu úr höfninni greiðist sama gjald.
- b) Fyrir leiðsögu um höfnina skal greiða hálf gjald samkvæmt lið a.
- c) Fyrir hverja komu flutningaskips sem fellur undir hafnarvernd skal greiða kr 30650,00 í öryggisgjald.
- d) Þurfi starfsmenn hafnarinnar eða aðrir menn sem höfnin leggur til að standa vörð við skip meðan á afgreiðslu stendur skal innheimt gjald hjá útgerð skipsins sem nemur kr 3820,00 fyrir hverja klukkustund.
- e) Festargjald fyrir hverja afgreiðslu með einum manni er kr 10235,00 . Séu notaðir fleiri en einn maður er gjald fyrir hvern aukamann kr 10235,00 kr

Þjónusta dráttarbáts.

14. gr.

1. Fluttur hafnsögumaður fast gjald kr. 22581
2. Aðstoð við skip innan hafnar kr 28621. Þegar dráttarbátur flytur hafnsögumann og aðstoðar svo skipið innan hafnar fellur fast gjald fyrir flutning hafnsögumanns niður.
3. Fyrir aðstoð utan hafnar og verkefni, önnur en björgunaraðgerðir skal greiða kr 36934 á klst miðað við að 2 séu í áhöfn dráttarbáts. Tímagjald reiknast frá því lagt er úr höfn og þar til komið er til heimahafnar aftur.
4. Fyrir björgun eða aðstoð við skip og báta samkv samningi LÍÚ og tryggingarfélagi.
Gjaldskráin gildir fyrir bátinn með áhöfn. 20% álag greiðist á alla taxta á yfirvinnutíma og um helgar.
Lágmarkstími fyrir aðstoð er 1 klst

15. gr.

Vatns-, rafmagns- og löndunarkranagjöld.

1.Vatnsgjöld: Kalt vatn kr./m ³	kr.227,00
2.Heitt vatn kr./m ³	kr.511,00
3.Kalt vatn smábáta per löndun	kr.116,00
4.Rafmagnssala: Rafmagnsnotkun kr./kwst	kr. 12,10
5.Rafmagnsmælaskilagjald kr./mælir	kr. 30000.00
6.Tengigjald 16 amper	kr. 1086,00
7.Tengigjald dagvinna	kr 1086,00
8.Yfirvinnuútkall hafnarvarðar per klst	kr.3820,00
9.Lágmarkstími útkalls er 4 klst.	
10.Löndunarkranagjald 0,3-2000 kg./löndun	kr 601,00
11.Löndunarkrani tonnagjald 2000 kg og yfir	kr 300,00 á tonn

Vogargjöld.

16. gr.

1.Almenn vigtun	kr./tonn 143,00
2.Skráningargjald fyrir skráningu í Lóðs	kr./tonn 71,00
3.Skráningargjald í Lóðs bræðslufiskur	kr./tonn 13,00
4.Lægsta gjald fyrir einstaka vigtun	kr./tonn 850,00
5.Vigtar- og skráningargjald Fiskmarkað	kr./tonn 189,00
6.Yfirvinnuútkall eftir kl.17 og um helgar	kr./klst. 3820,00
7.Lágmarkstími útkalls er 4 klst.	

Sorphirðugjöld.

17. gr.

1.Skip minni en 10 BT	kr./mán. 525,00
2.Skip 10 – 100 BT	kr./mán. 2258,00
3.Skip 100-200 BT	kr./mán. 4515,00
4.Skip stærri en 200 BT samtals 200 kg í einingu á 21,70 kr/ kg. Samtals kr./ein. 4558,00	
5. Hámarksfjöldi eininga er 5 á mánuði.	
6. Þrátt fyrir ákvæði um einingar hér að ofan er heimilt að vigta sorp frá skipi og haga gjaldtöku samkvæmt vigt séu veiðarfæri og annað sem ekki getur talist venjulegt sorp frá skipi sett í gámana.	

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

18. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

19. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Grindavíkurhafnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt við komu til hafnar að gefa hafnarstjóra upplýsingar um skipið í samræmi við ákvæði 5. mgr. 33. gr. reglugerðar nr. 326/2004 um hafnamál og afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess vegna ófullnægjandi upplýsinga frá skipstjóra, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostna greiðanda áfallinna gjalda.

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

20. gr.

Vörugjald greiðist af öllum vörum sem eru affermdar, afhentar eða fluttar, eða á annan hátt sjóleiðis enda landleiðina, inn fyrir mörk hafnarinnar. Vörugjaldið reiknast skipi til skuldar áður en skip hefur siglingu, nema annað sé sérstaklega um samið.

Vörugjald er á ábyrgð farmflytjanda og er afhending vöru án greiðslu vörugjalds á hans ábyrgð.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

21. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi.

Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða váttryggingarfé.

Gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum sbr. ákvæði 2. mgr. 21.gr. hafnalaga nr. 61/2003. Grindavíkurhöfn er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

22. gr.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts. Grindavíkurhöfn er skylt að innheimta virðisaukaskatt af öllum gjöldum í gjaldskrá þessari, sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Undanskilin eru erlend fiskiskip og farskip er sigla til útlanda.

Gildistaka.

23. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Grindavíkurhöfn er samþykkt af hafnarstjórn þann 13. desember 2011 skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004 og staðfest af bæjarstjórn 21. desember 2011 Gjaldskráin öðlast gildi þann 1. janúar 2012 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli

Grindavík 21. desember 2011
.Sverrir Vilbergsson hafnarstjóri.